

BRÁÐABIRGÐALÖG

60

26. maí

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 7. sept. 1942.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem upp hafi komið ágreiningur um gildi framlagðra landslista við alþingiskosningar 24. júní n. k. og fyrirsjáanlegt sé, að landskjörstjórn muni ekki fella úrskurð um þennan ágreining fyrir en 28. þ. m., beri brýna nauðsyn til að breyta kosningalögum nr. 80 7. sept. 1942 á þá leið, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla við kosningar þessar skuli eigi hefjast fyrir en landskjörstjórn hefur unnizt tími til að úrskurða um gildi landslista og merkja lista bókstöfum.

Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara sunnudaginn 24. júní n. k., skal eigi hefjast fyrir en þriðjudaginn 29. þessa mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. maí 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Stjórnartíðindi 1956, A. 9.

BRÁÐABIRGÐALÖG

61

18. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.**FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur.

Bæjarútgerðin hefur ákveðið að láta smíða nýjan togara í stað h.v. Jóns Baldvinssonar, er fírst á s. l. ári. Er í ráði að gera samning við þýzka skipasmíðastöð, Aktien-Gesellschaft „Weser“ Werk Seebeck, um smíði togarans, og er kostnaðarverð hans í samningnum kr. 12 658 555.

Bæjarútgerðin hefur fengið samþykki hlutaðeigandi aðila til að nota tryggingarfé, er greitt var fyrir h.v. Jón Baldvinsson, til greiðslu á kostnaðarverði togarans, svo langt sem það nær, en þar að auki er bæjarútgerðinni nauðsyn á, að fá ríkisábyrgð á láni allt að kr. 5 100 000, en ríkisstjórnina skorti lagaheimild til að veita slíka ábyrgð.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið: